

**48. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
14. nóvember 2016 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Raket Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1611077 - Fimleikahús - tillögur

Gunnar Borgarson arkitekt hjá ASK arkitektum kynnir drög að fimleikahúsi við Jaðarsbakka.

Kristján Garðarsson arkitekt hjá Andrúum arkitektum kynnir drög að fimleikahúsi við íþróttahúsið við Vesturgötu.

Fulltrúar frá Íþróttabandalagi Akraness, fulltrúar FIMA og bæjarfulltrúar taka sæti á fundinum undir þessum dagskrárlíð

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Gunnari Borgarssyni arkitekt og Kristjáni Garðarssyni arkitekt góða kynningu.

Sviðstjóra falið að taka saman minnisblað þar sem fram kæmi kostnaðar- og tímaáætlanir fyrir hvora staðsetningu fyrir sig.

2. 1604025 - Sorphirða á Akranesi og í Borgarbyggð - útboð

Farið yfir stöðu málsins.

Fyrir fundinum liggja eftirtalin gögn:

- 1. Drög að viðauka við samkomulag Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar við Íslenska gámafélagið um sorphirðu.*
- 2. Tölvupóstur Íslenska gámafélagsins dags. 14. nóvember 2016 - samþykki varðandi drög að viðauka um áframhaldandi þjónustu við Akraneskaupstað og Borgarbyggð.*
- 3. Tölvupóstur Gámaþjónustu Vesturlands dags. 14. nóvember 2016 - varðandi lyktir innkaupaferilsins, vilji til veitingar þjónustu o.fl.*
- 4. Svarbréf Akraneskaupstaðar til Forum Lögmannna, dags. 11. nóvember 2016 ásamt fylgigögnum.*
- 5. Erindi Forum Lögmannna til Akraneskaupstaðar, dags. 9. nóvember og 1. nóvember 2016.*

6. *Tilkynning Akraneskaupstaðar til Gámaþjónustu Vesturlands dags. 9. nóvember 2016 um nýtt innkaupaferli, kærufrest, kæruleið o.fl.*
7. *Tilkynning Akraneskaupstaðar til Íslenska gámafélagsins dags. 9. nóvember 2016 um nýtt innkaupaferli, kærufrest, kæruleið o.fl.*
8. *Tímabundin framlenging til 12. desember 2016 á núverandi samningi Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar við Íslenska gámafélagið um sorphirðu.*
9. *Tímabundin framlenging til 31. ágúst 2016 á núverandi samningi Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar við Íslenska gámafélagið um sorphirðu.*
10. *Samningur Akraneskaupstaðar o.fl. við Íslenska gámafélagið um sorphirðu.*

Formaður lagði fram svohljóðandi tillögur:

Lagt er til við bæjarstjórn að samið verði um tímabundna framlengingu á samningi Íslenska gámafélagsins og Akraneskaupstaðar í samræmi við framlagðan viðauka á meðan nýtt útboðsferli fer fram.

Samþykkt samhljóða.

Vegna kröfu Íslenska gámafélagsins um að Akraneskaupstaður afturkalli ákvörðun sína, um að hafna öllum tilboðum í útboðinu, telur ráðið, með vísan til fyrirbyggjandi gagna, að ekkert hafa komið fram í málinu sem réttlæti endurupptöku ákvörðunarinnar sem byggði á lögætum og málefnalegum sjónarmiðum sbr. umfjöllun í bréfi Akraneskaupstaðar frá 11. nóvember sl. til Íslenska gámafélagsins.

Samþykkt samhljóða.

3. 1609061 - Framkvæmdaáætlun 2017 - 2020

Farið yfir fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2017-2020.

Skipulags- og umhverfissráð ákveður að vera með aukafund vegna málsins mánudaginn 21. nóv. n.k.

4. 1610021 - Suðurgata 64 - Bekkir

Tillögur að opnu svæði við Suðurgötu 64.

Málið kynnt.

5. 1609104 - Umsókn um stækkun lóðar nr 36 við Æðarodda

Hestamiðstöðin Borgartún ehf. óskar eftir stækkun lóðarinnar nr. 36 við Æðarodda, vegna hestaútleigu og reiðkennslu sem fyrirhugað er að auka, samkvæmt tölvupósti Ómars Sigurðssonar dags. 15. sept. 2016 fh. Jóns Magnússonar.

Byggingarfulltrúi kynnti málið fyrir stjórn hestamannafélags Dreyra.

Stjórn hestamannafélagsins gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar, en leggur til nokkrar breytingar á svæðinu samkvæmt bréfi dags. 9.11. 2016.

Skipulags- og umhverfisráð felur byggingarfulltrúa að koma á framfæri við umsækjanda eftirfarandi:

Ekki verður um stækkun lóðar að ræða heldur úthlutun nýrrar lóðar.

Sá kostnaður sem fellur til við væntanlega deiliskipulagsbreytingu fellur á umsækjanda.

Miðað við ofangreint leggur ráðið til við umsækjanda að skila inn tillögu um deiliskipulagsbreytingu þar sem tekið sé tillit til ofangreindra athugasemda sem og athugasemda hestamannafélagsins Dreyra.

6. 1609012 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áf. - Akralundur 4

Hagaflöt ehf. óskaði eftir að lengja byggingarreit á fjöleignahúsalóðinni nr. 4 við Akralund um 1,5m í átt að lóð nr. 2 við Akralund. Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi 5.9. sl. að grenndarkynna breytinguna í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhafa Akralundar 2.

Neikvæð athugasemd dags. 21.10.2016 barst frá Vík lögmannsstofu fh. lóðarhafa Akralundar 2.

Teiknistofa Arkitekta lagði fram umsögn um athugasemdir lóðarhafa dags. 27.10.2016.

Rakel Óskarsdóttir vék af fundi undir þessum dagskrárlíð.

Fyrir liggja framkomnar athugasemdir frá Vík lögmannsstofu f.h. lóðarhafa á Akralundi 2. Í ljósi athugasemda var leitað til Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar en sú stofa stóð að gerð deiliskipulags við Skógarhverfi 2. áf á sínum tíma.

Skipulags- og umhverfisráð gerir umsögn Árna Ólafssonar arkitekts hjá Teiknistofu Arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar að sinni. Meginniðurstaða umsagnar er að breytingin muni ekki hafa neikvæð áhrif á hús og aðstöðu á lóð nr. 2 við Akralund.

Ráðið leggur því til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt samkvæmt 2. mgr. 43 gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Deiliskipulagið sent Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

7. 1611069 - Stöðuleyfi fyrir sölubása og söluvagna

Byggingarfulltrúi kynnir drög að reglum um sölubása og söluvagna.

Farið yfir drögin og byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.

8. 1611084 - Deiliskipulagsbreyting vegna Akralundur 8,10,12 og 14

Fyrirspurn GS Import ehf. um álit ráðsins á að breyta deiliskipulagi lóðanna við Akralund 8, 10, 12 og 14. Breytingin felst í að heimila að fjölga íbúðum á hverri lóð úr 4 í 6 innan núverandi byggingarreits.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að leitað verði eftir áliti deiliskipulagshönnuða hjá Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar.

9. 1410165 - Þjónustumiðstöð að Dalbraut 6

Bæjarráð vísaði á fundi sínum 18. október 2016, skýrslu starfshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6 til umsagnar í skipulags- og umhverfisráði.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar starfshópnum fyrir vinnu sína og telur skýrsluna nýtast vel áframhaldandi vinnu við skipulagningu á aðstöðu fyrir félags- og frístundastarf eldri borgara og öryrkja á Akranesi. Ráðið leggur áherslu á að leitað verði eftir samráði við FEBAN og aðra hagsmunaaðila.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Einar Þ. Braglason
Jónnes Karl Guðnason
Rannsóknarstjóri
Valgerður S. P.
Stefán Þ. Steindósson
Sig. P. H.
Kristín Sigurðsdóttir
Haldris Sigurðarsel rit.